

# Héraðsdómur Reykjaness

Úrskurður 3. júní 2026

Mál nr. E-3978/2025:

**HF15 ehf.**

(Ómar R. Valdimarsson lögmaður)

**gegn**

**Scandinavian Airlines System**

(Arnar Gauti Grettisson lögmaður)

## Úrskurður

Mál þetta, sem dómtekið var 16. apríl 2026, var höfðað 8. desember 2025, af HF15 ehf., Hlíðarfæti 15, Reykjavík, gegn Scandinavian Airlines System, Frösundavíks Allé 1, 169 70 Solna, Svíþjóð.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda aðallega 400 evrur en til vara 59.279 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 31. janúar 2025 til 18. júní 2025, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Til þrautavara krefst hann þess að stefndi verði dæmdur til að greiða sér bætur að álitum auk vaxta samkvæmt 9. gr. laga nr. 38/2001. Í öllum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst aðallega frávísunar málsins frá dómi en til vara sýknu af kröfum stefnanda. Þá krefst hann þess að stefnanda verði gert að greiða sér málskostnað.

I.

### Helstu málsatvik

Tildrög þessa máls eru þau að þann 31. janúar 2025 átti Sigurður Haukur Einarsson bókað flugfar með stefnda frá Stavanger til Kaupmannahafnar. Stefnandi kveður fluginu hafa verið aflýst án þess að farþegum hafi verið tilkynnt um ástæður þess með fullnægjandi fyrirvara. Lýtur mál þetta að kröfu hans um staðlaðar skaðabætur vegna þessa, en með kröfuframsali 19. maí 2025 fékk stefnandi kröfuna sér framselda.

Meðal gagna málsins er bréf stefnanda til stefnda 19. maí 2025 þar sem stefnandi gerði kröfu um 400 evrur í staðlaðar skaðabætur vegna neitunar á flugi með vísan til 5. og 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 261/2004/EB frá 11. febrúar 2004. Þá er meðal gagna málsins annað bréf stefnanda til stefnda 26. september 2025 þar sem hann gerði kröfu um 44.363 evrur úr hendi stefnda með vísan til fyrrgreindrar kröfu

vegna farþegans Hilmi og sambærilegra krafna fimm annarra farþega sem höfðu lent í töfum á flugferðum á vegum stefnda eða neitunar á flugi. Var fjárhæð kröfu stefnanda vegna fyrrgreinds farþega sérstaklega samtals 7.394 evrur, eða 400 evrur í staðlaðar skaðabætur, 22 evrur í vexti og 6.972 evrur í málskostnað.

Stefndi mun hafa svarað síðastgreindu bréfi með tölvubréfi lögmans stefnda 16. október 2025. Sagði þar að í kröfubréfi stefnanda væri gerð krafa um 44.363 evrur og að af þeirri fjárhæð væru 41.832 evrur í málskostnað. Var kröfunni hafnað en því lýst að stefndi væri þó tilbúinn að sætta málið þannig að greiddar yrðu 400 evrur með vöxtum til þeirra sex farþega sem krefðust skaðabóta og 70.000 krónur í málskostnað fyrir hvert flug sem um ræddi. Með öðru tölvubréfi lögmansins til stefnanda var boðið sem lokaboð í viðleitni til sátta 400 evrur fyrir hvern farþega ásamt vöxtum auk málskostnaðar. Sátt tókst ekki með aðilum og höfðaði stefnandi því mál þetta þar sem hann krefst bóta vegna aflýsingar á flugi fyrrgreinds farþega auk vaxta og málskostnaðar.

## II.

### *Helstu málsástæður og lagarök stefnanda í efnishlið málsins*

Stefnandi byggir á því að hann eigi ótvíræðan rétt til bóta úr hendi stefnda á grundvelli 4. og 7. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004, sbr. reglugerð nr. 466/2024, sem sett er með heimild í lögum nr. 80/2002 um loftferðir. Stefnandi beri á því ábyrgð gagnvart stefnanda að honum hafi verið neitað um flugið nema hann sýni fram á að um hafi verið að ræða óviðráðanlegar aðstæður og stefndi ekki getað afstýrt þeim þrátt fyrir nauðsynlegar ráðstafanir.

Stefnandi vísar til þess að hann hafi krafist bóta úr hendi stefnda með bréfi 30. apríl 2025 en stefndi í engu svarað og því hafi honum verið nauðugur sá kostur að stefna málinu fyrir dóm. Hann vísar til þess að aðalkrafa hans sé í evrum, sem sé gjaldmiðill bótanna samkvæmt fyrrgreindri reglugerð, en að varakrafa miðist við umreikning yfir í íslenskar krónur á grundvelli miðgengis Seðlabanka Íslands á tjónsdegi. Til þrautavara sé gerð krafa um bætur að álitum.

Um lagarök vísar stefnandi til meginreglna skaðabótaréttar, skaðabótalaga nr. 50/1993 og 1. mgr. 204. gr. laga nr. 80/2002 um loftferðir, sbr. einnig EB reglugerð nr. 261/2004. Þá vísar hann til ákvæða laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu að því er varðar vexti. Um varnarþing er vísað til 35. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og vísar stefnandi í því sambandi til þess að samkvæmt ákvæðinu sé hægt að þingfesta mál í þeirri þinghá þar sem samningur hafi átt að vera efndur, sbr. dóm Hæstaréttar í máli

nr. 149/2012. Þetta gildi um dómþinghár flugvalla þar sem loftför flugfélaga leggi af stað frá eða lendi á, sbr. dóm Evrópudómstólsins í máli nr. C-204/08 þar sem byggt hafi verið á ákvæði EB reglugerðar nr. 1215/2012 sem sé samhljóða 5. gr. laga nr. 7/2011 um Lúganósamninginn.

### *Helstu málsástæður og lagarök stefnda*

Stefndi krefst þess sem fyrr segir aðallega að málinu verði vísað frá dómi, en til vara að stefndi verði sýknaður. Stefndi mótmælir sem röngu og ósönnuðu að kröfubréf stefnanda 19. maí 2025 hafi borist honum. Fyrstu samskipti vegna málsins hafi verið er stefnandi sendi stefnda kröfubréf 26. september 2025 vegna sex farþega, þ.m.t. farþegans Hilmis sem krafa í máli þessu varði. Stefnandi hafi hafnað öllum sáttaboðum stefnda til að ljúka málinu án málaferla og hafi lokaboð stefnda frá 26. nóvember 2025 numið 85.000 krónum fyrir hvert flugnúmer til viðbótar við staðlaðar bætur og vexti.

Stefndi kveðst byggja frávísunarkröfu sína á því að honum verði ekki stefnt fyrir dóm á Íslandi. Í málum sem varði staðlaðar skaðabætur á grundvelli reglugerðar EB nr. 261/2004 hafi Evrópudómstóllinn, m.a. í máli nr. C-204/08, komist að þeirri niðurstöðu að varnarþing vegna slíkra mála geti verið brottfarar eða komustaður þess flugs sem krafa byggist á. Sú regla eigi hins vegar ekki við í þessu máli þar sem um hafi verið að ræða flug milli Stavanger í Noregi til Kaupmannahafnar í Danmörku. Í grein 8.1. í túlkunarleiðbeiningum nr. 2016/C 214/04 við reglugerð nr. 261/2004 segi að farþegar hafi einnig þann kost að höfða mál þar sem flugrekandinn eigi heimilisfesti. Samkvæmt 1. mgr. 33. gr. Montreal samningsins, sbr. 210. gr. laga nr. 80/2002 um loftferðir, skuli höfða mál þar sem flugrekandi eigi lögheimili, aðalskrifstofu eða útibú sem gerði samninginn, eða fyrir dómstóli á ákvörðunarstað. Ekkert af þessu eigi við enda eigi stefndi heimilisfesti í Svíþjóð og ákvörðunarstaður hafi verið Kaupmannahöfn. Engar aðrar reglur V. kafla laga nr. 91/1991 heimili málshöfðun á Íslandi. Beri því að vísa málinu frá dómi.

Um sýknukröfu sína vísar stefndi til þess að stefnandi hafi ekki sýnt fram á að hann sé réttur aðili að málinu, en framsalið sem fyrir liggi varði annað flug en það sem hér um ræði auk þess sem það sé óundirritað. Hver sem úrslit málsins verða byggir stefndi á því að málskostnaðarkröfu stefnanda verði hafnað og honum gert að greiða stefnda málskostnað. Málið varði staðlaðar skaðabætur á grundvelli reglugerðar nr. 261/2004 og sé málið í eðli sínu einfalt. Öll sönnunarbyrði hvíli á flugrekandanum og þurfi kröfuhafi

ekki að gera annað en að senda skeyti þar sem krafist sé staðlaðra bóta. Auk þess hefði stefnandi átt að beina málinu til Samgöngustofu til einfaldari málsmeðferðar en fyrir dómi. Stefndi hafi boðið stefnanda að ljúka málinu með greiðslu bóta auk málskostnaðar sem ætla verði að hafi verið umfram raunverulegan málskostnað. Því boði hafi stefnandi ekki tekið en í staðinn höfðað málið að þarflausu. Allur málskostnaður sé því til kominn vegna stefnanda sjálfs og á því geti stefndi ekki borið ábyrgð.

### *Helstu málsástæður stefnanda vegna frávísunarkröfu*

Við munnlegan flutning málsins krafðist stefnandi þess að kröfu stefnda um frávísun málsins verði hafnað og vísaði til þess að reglur Montreal samningsins um varnarþing eigi ekki við um kröfur um staðlaðar bætur á grundvelli EB reglugerðar nr. 261/2004. Heimilt sé að reka mál þar sem þjónusta skuli veitt og sé ljóst að Ísland hafi verið upphafs- og lokastaður heildarferðaáætlunar fyrrgreind Hilmis. Lúganósamningurinn verndi sérstaklega neytendur þannig að neytandi sem gerist aðili að samningi um þjónustu sem boðin sé í búseturíki geti höfðað mál í því ríki óháð því hvar þjónustuveitandinn sé skráður eða þjónusta innt af hendi. Stefndi reki vefsíðu sem geri út á ferðir til Íslands, hann auglýsi á Íslandi, taki við greiðslum með íslenskum greiðslukortum og kortin séu tengd íslenskum krónum. Auk þess sé almennt miðað við að neytandi geti höfðað mál gegn samningsaðila fyrir dómstóli þar sem seljandi sé til heimilis eða þar sem hann á sjálfur heima. Að endingu bendir stefnandi á að stefndi hafi brugðist við kröfubréfum og ekki hreyft athugasemdum við varnarþing.

### III.

Líkt og að framan er rakið varðar mál þetta kröfur stefnanda um staðlaðar skaðabætur vegna höfnunar á flugi sem farþeginn Sigurður Haukur Einarsson, sem framseldi kröfuna stefnanda, átti hjá stefnda 31. janúar 2025. Kröfurnar byggja á lögum nr. 80/2002 um loftferðir, sbr. 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 261/2004/EB frá 11. febrúar 2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem neitað er um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður, sbr. einnig reglugerð nr. 466/2024 um réttindi flugfarþega.

Frávísunarkrafa stefnda er sem fyrr segir á því reist að málið sé höfðað á röngu varnarþingi. Stefnandi byggir á hinn bóginn á því að unnt sé að höfða málið hér á landi með heimild í 35. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Í málinu verði ekki byggt á 1. mgr. 33. gr. Montreal samningsins, sbr. 210. gr. laga nr. 80/2002, enda lúti fyrrgreind

EB reglugerð ekki lögsögureglum þess samnings. Ísland hafi verið upphafs- og lokastaður heildarferðaáætlunar viðkomandi farþega og farþeginn sem um ræði verið íslenskur ríkisborgari, búsettur hér á landi og flugið verið einn hluti af ferðaáætlun sem lauk á Íslandi. Hann hafi keypt miðann hér á landi í gegnum vefsíðu stefnda og greitt fyrir ferðina með íslensku greiðslukorti. Stefnandi vísar einnig til dóms Evrópudómstólsins í máli nr. C-204/08, dóms Hæstaréttar nr. 149/2012 og þess að honum hafi verið heimilt á grundvelli neytendareglna Evrópuréttar að höfða málið á sínu heimilisvarnarþingi. Loks hafi stefndi svarað efnislega kröfubréfum stefnanda án þess að mótmæla lögsögu á fyrri stigum.

Samkvæmt 1. mgr. 33. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála má stefna skrásettu félagi eða firma í þeirri þinghá þar sem varnarþing þess er skráð. Sé stjórnarstöð þess í annarri þinghá en þar sem varnarþing er skráð má einnig sækja það í þeirri þinghá. Ekki er um það deilt að stefndi er ekki með skráð varnarþing hér á landi í framangreindum skilningi. Þá er stefndi hvorki með útibú hér á landi né sérstaka stjórnarstöð. Ekki verður heldur byggt á varnarþingsreglu 35. gr. sömu laga, sem mælir fyrir um að höfða megi mál vegna ágreinings um löggerning í þeirri þinghá þar sem átti að efna hann, enda lýtur ágreiningur málsins ekki að samningi sem efna átti hér á landi.

Í lögum nr. 80/2022 um loftferðir er ekki kveðið á um sérstakar varnarþingsreglur í tengslum við skaðabótamál flugfarþega en í 1. mgr. 210. gr. laganna segir að alþjóðasamningur um samræmingu tiltekinna reglna varðandi loftflutninga milli landa sem gerður var í Montreal 28. maí 1999, eða svokallaður Montreal samningur, hafi lagagildi hér á landi. Í 1. mgr. 33. gr. samningsins er kveðið á um að skaðabótamál skuli höfða að vali stefnanda á landsvæði eins aðildarríkis samnings þessa, annað hvort fyrir dómstóli þar sem flytjandinn á lögheimili eða þar sem hann hefur aðalskrifstofu sína eða útibú eða fyrir dómstóli á ákvörðunarstað. Greinin getur ekki leitt til þess að varnarþing teljist réttilega hér á landi enda liggur sem fyrr segir ljóst fyrir að stefndi á hvorki lögheimili, aðalskrifstofu né útibú hér á landi og ákvörðunarstaður flugferðarinnar sem um ræðir í Danmörku.

Aðrar þær málsástæður sem stefndi teflir fram kröfum sínum til stuðnings eiga ekki við í málinu og breytir engu í því sambandi þótt stefndi hafi í samskiptum sínum við stefnanda upphaflega ekki hreyft andmælum við það varnarþing sem stefnandi hugðist nota við málshöfðun. Þá verður dómur Evrópudómstólsins í máli nr. C-204/08

ekki túlkaður þannig að búsetuland kaupanda flugferðar geti ráðið varnarþingi án tillits til heimilisvarnarþings flugfélags eða brottfarar- og ákvörðunarstaðar flugs.

Samkvæmt framangreindu geta fyrrgreindar varnarþingsreglur ekki leitt til þess að stefnandi geti höfðað mál þetta fyrir íslenskum dómstólum. Verður málinu því vísað frá dómi. Rétt þykir þó eftir atvikum að fella niður málskostnað í málinu, en til þess er litið í því sambandi að fyrir dóminum eru rekin fleiri mál stefnanda á hendur stefnda þar sem varnarþing er réttilega hér á landi og verður eins og hér stendur á ekki séð að stefndi hafi orðið fyrir sérstökum umframkostnaði vegna þessa máls.

Halldóra Þorsteinsdóttir héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

#### **Úrskurðarorð:**

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Halldóra Þorsteinsdóttir